

Nð.

441. Nefndarálit

um frv. til viðauka við lög um verzlunarbækur (þskj. 40).

Nefndin hefir íhugað frv. — Þessar br.till. hefir hún orðið ásátt um að bera fram, og ráða til að frv. verði samþykkt með þeim:

Við 1. gr., 1. Í stað: »10 kr.« komi: 5 kr.

2. Aftan við greinina bætist: Þó ekki yfir 100 kr.

Við 2. gr. Á undan »fangelsi« komi: sektum eða.

3. gr. falli burt.

Á eftir 2. gr. komi ný gr. (er verði 3. gr.) svo látandi:

Í stað: »innan eins árs« í upphafi 8. gr. í lögnum um verzlunarbækur 30. júlí 1909, komi: þriggja missira, og næst síðasta málsgrein 8. gr. í sömu lögum orðist svo:

Að þeim fresti sem að ofan er nefndur, missir lögskipuð frumbók það sönnunargildi, er henni er veitt í þessum lögum, o. s. frv.

Við bætist ný gr. (4. gr.):

Þá er þessi lög eru staðfest, skal stjórnin fella þau saman við L. 30. júlí 1909 um verzlunarbækur, þannig, að 1. og 2. gr. þessara laga færist inn milli 9. og 10. gr. laganna um verzlunarbækur, og gefa þau út sem endurskoðuð lög um verzlunarbækur.

Neðri deild Alþingis, 30. marz 1911.

Ólafur Briem,
formaður.

Jón Ólafsson,
ritari og framsögumaður.

Jón Magnússon.

Þjarni Jónsson frá Vogu.

Björn Kristjánsson,
með fyrirvara.